



# **Niðurstöður eftirlits með flutningi úrgangs á milli landa 2021**

## 1. Inngangur

Í þriggja ára eftirlitsáætlun um flutning úrgangs milli landa 2021-2023 kemur fram að Umhverfisstofnun muni árlega taka saman skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og niðurstöður þess. Í eftirlitsáætluninni koma fram skyldur stofnunarinnar varðandi eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og eru þær eftirfarandi:

- Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa
- Tilkynna skal inn- og útflutning spilliefna og úrgangs sem fer til förgunar
- Útflutningi á úrgangi þarf að fylgja sérstakt eyðublað
- Innflutningi á úrgangi þarf að fylgja sérstakt eyðublað
- Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa

Í árlegri framkvæmdaáætlun eru síðan settar fram áherslur fyrir eftirlit sem byggja á ofangreindum þáttum, sem og yfirliti frá tollgæslunni yfir flutning úrgangs á árunum 2012-2016, sem notaðar voru til að leggja grunn að eftirliti með flutningi úrgangs milli landa. Önnur atriði við forgangsröðun eftirlitsins byggja á eftirlitsniðurstöðum fyrri ára, sem og eftirlitsniðurstöðum og eftirlitsáherslum á Evrópuvettvangi. Áherslur í eftirliti geta því verið breytilegar og er framkvæmdaáætlun eftirlitsins vinnuskjal stofnunarinnar, sem er ekki ætluð eftirlitsþegum til skoðunar.

## 2. Niðurstöður eftirlits

*Tafla 1: Listi yfir eftirlitsþega ársins 2021.*

---

Alcoa Fjarðaál sf.  
Austurhlíð ehf.  
Fura ehf.  
Gagnaeyðing efh  
Hringrás hf.  
Íslenska gámafélagið ehf  
Málmaendurvinnslan ehf.  
Málmar ehf.  
Pure North Recycling ehf.  
Sindraport hf  
SORPA bs.  
Terra Efnaeyðing hf.  
Terra umhverfisþjónusta hf.  
Vaka hf  
Vélvík ehf

---

Framkvæmd og skipulag eftirlitsins var sett fram í framkvæmdaráætlun fyrir eftirlitstímabilið 2021. Eftirlit var framkvæmt hjá 15 úrgangsmeðhöndlunaraðilum (tafla 1).

Eftirfarandi eru niðurstöður eftirlits Umhverfisstofnunar með flutningi úrgangs milli landa árið 2021.

## **2.1. Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa**

Samkvæmt 2. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs sem er innleidd með reglugerð nr. 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa er óheimilt að flytja hættulegan úrgang og úrgang til förgunar til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD (C(2001)107/FINAL) um flutning úrgangs milli landa.

Eftirlitið byggði á gögnum frá tollgæslunni þar sem farið var yfir allar sendingar úrgangs á síðastliðnu ári, sem sendar voru til landa utan OECD ákvörðunarinnar. Upplýsingar um sendingarnar voru rýndar með það að markmiði að ákvarða hvort líklegt væri að um hættulegan úrgang eða úrgang til förgunar væri að ræða miðað við þau tollskrárnúmer og lýsingar sem gefnar voru upp í tollskýrslu.

Alls voru 10 sendingar úrgangs sendar út til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD á eftirlitstímabilinu. Miðað við tollskrárnúmer úrgangsins og sendingaraðila, var úrgangurinn endurvinnsluefni, en ekki hættulegur úrgangur eða úrgangur til förgunar og því var flutningurinn ekki talinn brot á reglum.

Engin frávik komu því fram í eftirliti með þessum hluta árið 2021.

Á síðastliðnum þremur árum hefur enginn útflutningur á hættulegum úrgangi eða úrgangi til förgunar til landa utan OECD uppgötvast í eftirlitinu. Á bilinu 2 - 10 sendingar endurvinnsluefna hafa árlega verið til landa utan OECD, en flutningur endurvinnsluefna til þessara landa er heimill. Engin frávik komu fram í eftirliti með þessum hluta á sl. þremur árum.

## **2.2. Skyld er að tilkynna inn- og útflutning hættulegs úrgangs og úrgangs sem fer til förgunar**

Umhverfisstofnun sér um leyfisveitingu vegna inn- og útflutnings hættulegs úrgangs og úrgangs til förgunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006. Leyfi eru yfirleitt gefin út til eins árs í senn og algengt er að fjöldi sendinga undir hverju leyfi sé á bilinu 1 – 200.

Á eftirlitstímabilinu hafði stofnunin eftirlit með tveimur rekstraraðilum þar sem framkvæmt var skjalaeftirlit og skoðun á þökkun og frágangi úrgangsins.

Alls voru skoðaðir 4 gámar á tímabilinu og athugað var sérstaklega hvort úrgangur væri í samræmi við flokkun samkvæmt samþykktri tilkynningu um flutning hættulegs úrgangs milli landa. Engin frávik komu fram í eftirliti með þessum hluta árið 2021, en gerð var athugasemd varðandi skil á flutningstilkynningum (Annex IB) til stofnunarinnar.

Á undanförunum þremur árum hafa engin frávik komið fram við eftirlit við gámaskoðun á hættulegum úrgangi. Umhverfisstofnun hefur þó komið með ábendingar um regluleg skil á Annex IB, útfyllingu skjala og tollskrárnúmer.

### 2.3. Útflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1013/2006, á útfyllt Annex VII eyðublað að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20 kg sem fluttur er til endurnýtingar. Einnig skal Annex VII eyðublað fylgja sendingum af hættulegum úrgangi sem er sérstaklega ætlaður til greiningar á rannsóknarstofu, en þá miðast þyngd sendingar við 25 kg að hámarki.

Umhverfisstofnun hafði eftirlit með öllum útflutningi úrgangs yfir eins mánaðar tímabil. Alls var óskað eftir nánari upplýsingum frá útflytjendum 50 sendinga undir hinum ýmsu úrgangsflokkum (tafla 2). Í skjalaeftirliti kom í ljós að skjöl reyndust almennt rétt út fyllt, en í einstaka tilfelli var gerð athugasemd við tollskrárnúmer. Í engu tilfelli vantaði sérstakt eyðublað vegna flutnings úrgangs til endurnýtingar (Annex VII) með sendingunum.

Við hefðbundið eftirlit samkvæmt eftirlitsáætlun, hefur tilfellum þar sem Annex VII eyðublað vantaði með flutningi endurvinnsluefna milli landa fækkað jafnt og þétt. Árið 2019 voru frávikin 8 og engin frávik voru árið 2020, né á síðastliðnu ári.

Tafla 2: Tollskrárnúmer, fjöldi sendinga og magn af úrgangi sem fluttur var úr landi til endurnýtingar og haft var eftirlit með á árinu.

Tollskrárnúmer	Gerð úrgangs	Fjöldi sendinga	Kg
3828.1000	Sorp bæjar- og sveitarfélaga	2	603.350
3915	Plastúrgangur	3	124.998
4707.9000	Endurheimtur pappír eða pappi	7	468.430
7204	Járnúrgangur	16	2.835.466
7404	Koparúrgangur	7	17.503
7602	Álúrgangur	15	565.195
	<b>Samtals:</b>	<b>50</b>	<b>4.614.942</b>

Ef frávik koma upp er áréttað við útflytjanda að ólöglegt er að senda út úrgang án sérstaks eyðublaðs (Annex VII) og í kjölfarið er þeim leiðbeint um útfyllingu þess ef um fyrsta frávik er að ræða.

Á árinu fékk Umhverfisstofnun eina tilkynningu frá viðtökulandi (Svíþjóð) um mögulegan ólöglegan flutning á endurvinnsluefnum. Um var að ræða flutning á úr sér gengnum rafölum til rannsókna. Fylgiskjal Annex VII vantaði með flutningnum og viðtökuaðili hafði ekki starfsleyfi til að vinna úrganginn. Niðurstaða eftirlitsaðila í hvoru tveggja viðtöku- og sendingarlandi, var að hér væri um úrgang að ræða. Sendanda var gert skylt að útvega tilskilin fylgiskjöl; Annex VII eyðublað og samning við endurvinnsluaðila í viðtökulandi, sem og hann gerði.

#### **2.4. Innflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað**

Samkvæmt reglugerð nr. 1013/2006, á Annex VII eyðublað að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20 kg sem fluttur er til landsins til endurnýtingar.

Skatturinn hefur eftirlit með framkvæmd tollamála á landsvísu og tollgæslan sér um eftirlit með inn- og útflutningi vara samkvæmt tollalögum. Umhverfisstofnun hefur samráð við tollgæsluna, sem hefur eftirlit með þeim sendingum sem endurspegla þau tollskrárnúmer sem líklegt þykir að innihaldi aðallega úrgang.

Árið 2021 voru engar ólöglegar sendingarnar af úrgangi stöðvaðar við landamæraeftirlit hjá tollgæslunni.

#### **2.5. Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa**

Umhverfisstofnun hafði eftirlit með öllum útflutningi á plastvörum á síðast liðnu ári. Stuðst var við gögn frá tollgæslunni. Alls var óskað eftir nánari upplýsingum um fjórar sendingar frá jafnmörgum útflytjendum. Í öllum tilfellum kom í ljós að um var að ræða vöru en ekki úrgang. Í einu tilfelli var um að ræða úrgang og þar sem sendandi lagði fram fullnægjandi fylgiskjöl, var ekki um að ræða frávik, en mistök höfðu verið gerð við skráningu tollskrárnúmers. Því var ekki um að ræða nein frávik með þessum hluta eftirlitsins.

### 3. Ályktanir

Samkvæmt niðurstöðunum sem raktar voru hér að framan var haft eftirlit með alls 50 sendingum af úrgangi sem fluttar voru úr landi á eftirlitsárinu. Engin frávik komu í ljós í reglubundnu eftirliti ársins 2021.

Við reglubundið eftirlit á undanförunum þremur árum hafa ekki komið fram alvarleg frávik eða ólöglegir flutningar á úrgangi til eða frá landinu.

Á sama tíma hafa eftirlitsaðilar í viðtökulöndum uppgötvað tvö atvik þar sem mögulega var um ólöglegan flutning að ræða. Fyrri tilvikið var frá árinu 2020, sem varðar flutning skipa til endurvinnslu. Það mál er enn í rannsókn hjá íslenskum stjórnvöldum. Síðara tilvikið var á síðasta ári og varðar flutning á endurvinnsluefnum til rannsókna, en þar vantaði fylgiskjöl (Annex VII og samning við endurvinnslustöð) með sendingunni. Í því tilviki heimiluðu yfirvöld flutninginn eftir að sendandi útvegaði tilskilin skjöl.

Frávikum hefur fækkað verulega í reglubundnu eftirliti þar sem vantar þartilgert fylgiskjal (Annex VII) með útflutningi úrgangs. Þetta bendir til þess að eftirlitið hafi almennt skilað sér í aukinni þekkingu úrgangsmeðhöndlunaraðila með skyldum sem tengjast útflutningi endurvinnsluefna. Einnig hefur eftirlitið gefið stofnuninni færi á að gera athugasemdir við og upplýsa um, hvernig hægt sé að gera betur þegar kemur að tollskrárflokkun, úrgangslýsingu og númer úrgangsflokka.

## Heimildir

Ákvörðun OECD (C(2001)107/FINAL). <https://actionguide.info/m/pubs/531/>

List of OECD Member countries - Ratification of the Convention on the OECD.

<https://www.oecd.org/about/document/list-oecd-member-countries.htm>

Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs sem er innleidd með reglugerð 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa.

Reglugerð (EB) nr. 1418/2007 að því er varðar verklagsreglur sem ber að fylgja við útflutning á úrgangi til tiltekinna landa.